

heldur orðið alt of seint að láta sem vér getum ekki lagt braut í kring um hnöttinn ef vér vildum.

Eg hefi við hendi, er eg skrifa þetta, skýrslu Dr. Merriams frá 13. Jan. um friðun dýra, um skemdir villidýra fram og aftur um landið, um veiki húsdýra og hjarda, um skógrækt, um heilbrigði ýmissa staða á landinu, um innflutning og ræktun ýmissa dýra og fugla, auk fleira. Mér þykja þetta íróðlegar skýrslur. Eg get beðið um þær og látið senda mér þær, það getur hver borgari landsins líka. Munurinn er aðeins sá, að eg er þar á staðnum, þekki nokkra mennina, er vinna við að semja þær, veit þess vegna, að rit þessi eru til. Og nú í ár eru yfir þúsund manns að semja yfirlit yfir uppgötvunarir, viðburði og framfarir ársins sem leið.

Innanríkismálaskrifstofan gefur út á hverjum degi dálítið yfirlit yfir skýrslur konsúla vorra um allan heim, með þeim bændingum, er þeir halda að koma megi að gagni fyrir þjóðina.

Hver hin stjórnardeildin gefur út samskonar upplýsingar, hver í sinni deild. En samt, eins og menn vita, berst það ekki til eyrna almennungi. Það eru ekki 20 alþýðuskólar í landinu, er fá eitt einasta eintak af þessum skýrslum. Ekki nokkur bókaverslun hefir þau til sölu. Aftur á móti fær maður alstaðar ókeypis þær skynsamlegu fortölur, að allar embættisskýrslur og stjórnartíðindi séu svo þur og strembin, að þau sé ekki lesandi, og að það væri betur að til engra þeirra væri kostað að prenta.

Að svo miklu leyti sem eg fæ séð þá skoðun, er almennust er ríkjandi viðvíkjandi stjórn, er fólk sagt, að á einhvern óskiljanlegan hátt hafi 300 heimskingjar verið valdir sem fulltrúar landsins, til neðri deildar þingsins, og að mennirnir í efri þing-salnum beri að eins af hinum, sem í neðri salnum sitja, í því, að vera dálítið eldri og dálítið vitlausari. Það hefir auk-heldur heyrst, að þá sé sú mesta ógæfustund hvers árs, er stefnt sé til þings og menn komi saman. Oss er jafnvel enn sagt, að sú sé stjórnin bezt, er minst stjórn. Mér finst að tími sé til kominn, ekki eingöngu að stjórnardeildirnar ýmsu gefi út árlegar skýrslur um, fyrir hvað þær hafi varið mörg hundruð milljón döllum yfir árið, heldur viku eftir viku gefi fólk i heild